



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 11. júlí 2022
Mál nr. 2022070192

Efni: Sjálfsafgreiðsluvél fyrir Bókasafn Reykjanesbæjar

Forstöðumaður bókasafns Reykjanesbæjar leggur fram erindi um auka fjármagn til kaupa á nýrri sjálfsafgreiðsluvél fyrir bókasafnið.

Nýtt bókasafnskerfi fyrir allt landið var tekið í gagnið í júní sl. Með nútímalegu kerfi urðu ýmsar breytingar en sú stærsta er að kerfið verður í skýinu. Í vikunni kom í ljós er að sjálfsafgreiðsluvél Bókasafns Reykjanesbæjar gat ekki lesið nýju strikamerkin. Sérfræðingar í Finnlandi reyndu að uppfæra vélina og það tókst fyrir horn að láta vélina lesa strikamerkin en þeir sögðu að hugbúnaðurinn í vélinni væri orðið gamall og úreltur. Því þurftu Finnarnir að setja allt kerfið upp aftur til þess að koma vélinni í gang sem varð til þess að allar skrár og tölfærði er horfið. Ég met kostnaðinn við að laga vélina of háan en vélin er síðan 2013.

Vegna niðurskurðar seinustu tveggja ára hefur fastur kostnaður safnsins aukist og því ekkert svigrúm til kaupa á nauðsynlegum búnaði. Eins og staðan er í dag er lítið hægt að gera fyrir vélina nema leggja í mikinn kostnað en vélin keyrir á Windows 7 stýrikerfi. Eins og hefur komið fram er vélin frá 2013 og hefur þjónað hlutverki sínu vel hingað til. Reykjanesbær er á vegferð með stafræna umbreytingu og bókasafnið þarf að geta tekið þátt í því.

Vélin sem ég legg til að verði keypt heitir Libmaster Classic Barcode/RFID. Verðið er 997.890 kr. og vélin kemur tilbúin með öllum uppsetningum og tilbúin til notkunar. Þessi vél kemur á borði með hækkunarmöguleika og getur því þjónað auðveldlega börnum, fullorðnum og þeim sem nota hjólastól. Vélin les síma, plastkort og einnig er hægt að nota kennitölu. Vélin getur lesið margar bækur í einu ef gagnið er með RFID flögu sem sparar tíma og eykur öryggi útlána og skila.

Ef auka fjármagn til kaupa á sjálfsafgreiðsluvél fæst þá óska ég eftir því að það sé lagt á lykil 05211-4660.

Stefanía Gunnarsdóttir
Forstöðumaður Bókasafns Reykjanesbæjar